

Um leið og herra prófastinum eru nú send hjá lögð exmpl. af reglum, skýrsluformum og eyðublöðum, sem gjörð eru á íslenzku, og í flestum atriðum er samkvæmt því sem farið er eftir þegar talið er fólk í hjeruðum í Danmörku: 1855.
15. maí.

- 1) Reglur fyrir því, hvernig semja eigi sóknatöflurnar yfir fólksfjöldann,
- 2) Skýrsluform til fólkstalsins á Íslandi 1. október 1855,
- 3) Skýrsla um fólkstal,
- 4) Fólkstaltöflur, er prestar eiga að gjöra aðalsóknatöflurnar eftir,

eruð þjer beðnir að úthluta þeim meðal prestanna í yðar prófastdæmi, eins og með þarf fyrir hverja sókn. Eins og maður vonast eftir, að þjer hafið gætur á, að mál þetta fái hæfilegan framgang, eftir hinum áður greindu reglum, og að svara fyrirspurnum prestanna, ef nokkrar verða, um rjettan skilning á reglunum — og sendast yður því til samanburðar, ef einhver vafi kynni að verða á, 2 exmpl. af áður nefndum reglum um manntal í hjeröðum í Danmörku o. s. frv. —, eins eruð þjer beðnir að láta yður einkar annt um, að skýrslurnar og fólkstaltöflurnar fyrir allar sóknirnar verði sendar hingað með póstskipinu, sem fer frá Íslandi 1. marz næstkomandi.

20. Brjef innanríkisstjórnarinnar til stiptamtannsins og amtmannanna á Íslandi um tollseöla. 19. maí.

Eptir að hafa ráðgazt um við innanríkisstjórnina hefur hin konunglega aðaltollstjórn gjört þann úrskurð, að í tollskrám til Íslands sje það skilyrði tekið fram með berum orðum, að hlutaðeigandi lögreglustjóri í Íslandi gefi skipstjóranum vitnisburð um, að farmurinn sje skipaður upp, og skuli skipstjóri fá vitnisburð þenna í hendur hlutaðeigandi tollhúsi, samkvæmt tilskipun 1. febrúar 1797, 303. gr.

Frá þessu er herra stiptamtanninum (amtmanninum) skýrt til vitundar og auglýsingar fyrir hlutaðeigandi embættismönnum í yðar umdæmi.